

# 1272. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 19. nóvember 2024, kl. 12:00 sem fjarfundur á Teams

**Mætt á fjarfund:** Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Jennifer Schröder, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Þórir Hilmarsson, Arnþór Sigurðsson varaformaður og Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

**Fjarverandi:** Ragnar Þór Ingólfsson (í leyfi), Sigurður Sigfússon, Gabríel Benjamín, Bjarni Þór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega og Vala Ólöf Kristinsdóttir.

**Næsti fundur:** 11 desember 2024.

Dagskrá:

Halla Gunnarsdóttir, varaformaður VR og starfandi formaður, bauð fundarfólk velkomið og setti fund og skýrði frá því að beiðni hefði komið frá Félagi tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna (FTAT) um samúðarverkfall og þess vegna var boðað til aukafundar í stjórn VR með skömmum fyrirvara.

## 1. Ósk um samúðarvinnustöðvun frá Félagi tanntækna og aðstoðarmann tannlækna

Fyrir fundinum lá skjalið „Samúðarverkfall minnisblað til stjórnar VR“. Halla sagði frá beiðni Félags tanntækna og aðstoðarmanna tannlækna. FTAT leitaði til VR með ósk um að VR færi í samúðarvinnustöðvun með væntanlegri vinnustöðvun þeirra. FTAT er með kjarasamning við Tannlæknafélag Íslands og hafa kjarasamningsviðræður staðið yfir í nokkra mánuði en deilunni var vísað til Ríkissáttasemjara 5. september sl. og hefur henni verið lýst árangurslausri.

Aðilar hafa komið sér saman um allar kröfur FTAT sem eru í meginatriðum þær sömu og samið var um á almenna markaðanum, þar með talið launakröfur. En Tannlæknafélagið hefur verið með þrjár kröfur sem þeir hafa vilja ná fram og þess vegna hefur ekki verið hægt að ljúka kjarasamningi. Kröfur Tannlæknafélagsins eru:

1. Að veikindaréttur verði lækkaður úr 3 mánuðum eftir eins árs starf í 2 mánuði.
2. Uppsagnarfrestur starfsmanna sem hafa áunnið sér 6 mánaða uppsagnarfrest verði 3 mánuðir í þeim tilfellum er tannlæknir fellur frá.
3. Dagvinnutímabil yrði lengt og yrði á milli kl. 8-19 en er í dag kl. 8-17



FTAT er ekki tilbúið að fallast á kröfur Tannlæknafélagsins þar sem verið er að skerða réttindi án þess að nein greiðsla komi fyrir. Ætlar félagið þess vegna að boða til atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun til að knýja á um nýjan kjarasamning. Ef vinnustöðvun verður samþykkt leggur félagsfólk FTAT niður störf 17. og 18. desember 2024 og ótímabundin vinnustöðvun hefst 6. janúar 2025.

Í FTAT eru um 260 sem myndu allir leggja niður störf en ljóst er að margt fólk sem vinnur á Tannlæknastofum er í VR og væri því erfitt fyrir FTAT að framkvæma verkfallið þar sem félagsfólk VR væri ekki í verkfalli. Hjá VR er 160 félagsfólk sem starfar á tannlæknastofum. Ef um samúðarvinnustöðvun væri að ræða myndi hún eingöngu ná til félagsfólks VR sem starfar á tannlæknastofum.

Formleg beiðni um stuðning frá VR kom með bréfi dags 26. nóvember og áttu formaður og framkvæmdastjóri fund með FTAT þann 28. nóvember um beiðni þeirra.

Reiknað er með að halda fund með félagsfólki VR sem samúðarverkfallið myndi ná til þriðjudaginn 3. desember nk. kl. 20:00. Fyrirhuguð samúðarvinnustöðvun myndi hefjast eftir áramót.

## Umræður

Að loknum umræðum bara Halla upp tillögu um heimild til atkvæðagreiðslu um samúðarverkfall meðal félagsfólks VR sem starfar á tannlækna- og tannréttingastofum að höfðu samráð meðal félagsfólks VR sem vinnur á tannlækna- og tannréttingastofum.

Tillagan var samþykkt með 8 atkvæðum en 2 sátu hjá í atkvæðagreiðslunni. Þórir Hilmarsson bókaði hjásetu.

## 2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt og fundi var slitið kl. 12:36